


Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 09		
Dags.: 06.06 2015	Lífsleikni LKNXS12 Námsáætlun vorönn 2016	
Höfundur: HRS		
Samþykkt: HJS		
Síða 1 af 2		

Kennari:	Lilja Sæmundsdóttir , Snorri Björnsson	Sk.st.	LIS, SNO
-----------------	--	---------------	----------

Áfangalýsing: Ný menntastefna er höfð til grundvallar og grunnþættir menntunar eru hafðar að leiðarljósi. Áhersla er á lýðræði og mannréttindi og aðstæður og umhverfi ungs fólks skoðað í fjölbreyttu samhengi. Nemandinn er hvattur til að velta fyrir sér hugtakinu lýðræði og taka afstöðu til siðferðilegra álitamála, s.s. mannréttinda, samábyrgðar, meðvitundar og virkni borgara við að móta samfélag sitt og hafa áhrif á það. Unnið er með skólareglur, umgengni, námsvenjur og annað sem snýr að veru nemandans í VMA. Fjallað um mikilvægi þess að taka ábyrgð á náminu, hegðun og mætingum.

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:


- hugtökunum lýðræði og mannréttindi
- mikilvægi sjálfstæðis og sjálfsábyrgðar í lýðræðissamfélagi
- að allir hafa hæfileika og þroskamöguleika
- að í lýðræðisríki þurfa borgararnir að búa við mannréttindi og komast að samkomulagi
- fjölbreytileika
- eigin tilfinningum og skoðunum

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- beita gagnrýninni hugsun
- virða skoðanir annarra
- taka þátt í umræðum
- láta skoðanir sínar í ljós

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- skilja þá hugsun sem felst í hugtökunum lýðræði og mannréttindi
- spyrja spurninga og hlusta á sjónarmið annarra af víðsýni
- átta sig á tengingu á milli réttinda og skyldna
- átta sig á fjölbreytileika samfélagsins og mismunandi menningarheimum
- taka þátt í lýðræðissamfélagi á virkan og ábyrgan hátt

Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 09		
Dags.: 06.06 2015		
Höfundur: HRS		
Samþykkt: HJS		
Síða 2 af 2	Lífsleikni LKNXS12 Námsáætlun vorönn 2016	

Námsgögn: Ýmis verkefni og gögn frá skólanum um námsval og fleira. Ýmsar upplýsingar af netinu. Gestafyrirlesarar.

Áætlun um yfirferð:

Vika	Námsefni	Verkefni
Öll önnin	Fylgst er með mætingum nemenda og gerðar athugasemdir við þær þegar þörf er á.	Ýmis verkefni t.d. Hvernig góð vinnubrögð við nám geta verið.
Dreift um önnina	Heimsóknir þar sem gestir fjalla um ýmis málefni. Ýmis spil og leikir sem efla samvinnu /samkennd.	Verkefni tengd fyrirlestrum
Eftir miðja önn	Námsval. Nemendur vinna í að velja sér áfanga fyrir næstu önn undir leiðsögn kennara	Valblað og verkefni um námsval

Verkefni: Ýmis verkefni frá kennurum.


Námsmat:


Áhugi og virkni 40%

Verkefni 40%

Sjálfsmat 20%

Annað: Símar og önnur snjalltæki eru með öllu bönnuð, nema kennari taki annað fram

Dagsetning: 6/6 2016

 Undirritun kennara


 Undirritun brautarstj. fagstj eða staðgengils